

# ALMANAK

FYRIR ÁRIÐ

1903,

sem er sjöunda ár eftir hlaupár  
og  
þriðja ár eftir sumarauka.



IV. ÁR.




ÚTGEFANDI: S. B. BENEDICTSSON.

WINNIPEG.

PRENTAÐ Í PRENTSMÖÐJU FREYJU.

1902.



## Anarchism.

—o—

*Anarchy* er úr grísku sagnorði ARCHEIN, „að vera fyrst, að byrja, að skipa, að vera fyrirliði eða ARCHON“. — ARCHON, leiðtogi, höfðingi. — ARCHE — ARCHY, þýðir: upphaf, fyrsta orsök, að ráða öðrum — yfirráðs eða tignar staða. Til að finna afleidda orðið ANARCHY af þessari rót, er sett forskeytið *an*, er meinar *ekki eða nei*, framan við.

Anarchy neitar rétti eius manns til að stjórna öðrum með valdi, er því gagnstæð stjórn, kúgun—*archy*. Það mundi verða á íslenzku stjórnleysi, en væri þó réttara að kalla það sjálfstjórn.

Grundvallarkenning stjórnleysisins, stjórn einstaklingsins, á mjög fornan uppruna. Ýmsar myndir þess koma fram í grískri heimspeki, og smá bólar á því hjá kyrkjulegum og veraldlegum rithöfundum allt

fram á vora daga. Sú félagsskoðun, að enginn megi hafa vald til að stjórna öðrum, virðist hafa verið hugsjónadraumur mannsandans, síðan hinar fyrstu kynslóðir mynduðust. En stjórnfeysi, heimspekilegt, sem pólitískt byltingameðal, sem sterk menntaleg og félagsleg hreyfing, ris fyrst upp á fyrri parti 19. aldar.

Gagnstætt almennri meiningu var þess fyrsti talsmaður, Josiah Warren að nafni, amerikanskur. Hann gaf út bók 1829 er nefndist „True Civilization“ [sönn siðmenning]. Hann hélt fram stjórn einstaklingsins. Hann sannaði að það væri ekkert pláss fyrir stjórn af neinni tegund. Hann sýndi að sú bötvun sem stjórnin þykist vera að yfirstiga er að eins sú, er kemur af afskiftum stjórnarinnar.

Hans lærðasti og ákafasti lærisveinn var Stephen Pearl Andrews, er ferðaðist um og hélt fyrirlestra. Fyrirlestrar er hann flutti í New York 1849, voru síðar prentaðir og nefndist bókinn „The Science of Society“ [Vísindi félagslífsins]. Mátti finna þar grundvallarkenningu hins svo nefnda sjálfstjórnanda [Einstaklingsfræði—Individualism].

Á meðan hafði stjórnfeysisshugmyndir náð rófestu og breiðst út um Evrópu, þó kenningin væri alls ólík. Árið 1840

gaf Pierre J. Proudhon, franskur rithöfundur, meðlimur háskólaráðsins í Besancon, út bók er hann nefndi „What is property?“ (Hvað er eignarréttur?), og koma þar fram kenningar Warrens í öflugum og fögrum búaingi. Um átta ára tíma jós hann út bókum og ritum er fjölluðu um endurbætur Þjóðskipulagsins. Varð aðalefnið afskiftaleysi stjórnar, og jafnaðar bræðraband verkalyðsins.

1848 gaf hann út tvo bæklinga er báðir hétu „Solution of the Social Problem“ (Þjóðlífsgátan ráðin). Sú seinni fjallaði um myndun á viðskiftakerfi. Seinna myndaði hann alþýðubanka, banka, sem hvorki hafði hluthafa, ágóða né rentu, með því augnamiði að auka lánstraust hinna mörgu verkamannafélaga, svo að meðlimirnir gætu búið sér til atvinnu og þannig komist af án auðvaldsins. Þetta gekk vel, og 37,000 manna höfðu tekið þátt í þessu fyrirtæki þegar hönd stjórnarinnar réðist á Proudhon. Hann var dæmdur í þriggja ára fangelsi. Bankian varð að hætta, og frá þessum tíma til dauða Proudhons varð hann fyrir stöðugum ofsóknum af hálfu auðvaldsins, sem gjörði honum ómögulegt að halda áfram tilraun sinni. Án þess að kalla sig stjórnleysingja, var það hans aðalstarf að mynda betra fyrirkomulag al-

menningi til heilla, er Herbert Spencer nefndi „passing from the régime of status to the régime of contract,“ það er: frá ríki til hins frjálsa einstaklings.

Á meðan á þessu stóð, kom rödd frá öðrum parti Evrópu, er fór fram á endurbætur þjóðlífsins. Þetta var Michael Bakunin, rússneskur, höfundur að „God and the State“ [Guð og ríkið].

Frá þeim tíma að almenn uppreist var í Evrópu 1848, voru Socialistar smámsaman að vinna í þá átt, að deila valdinu. Karl Marx og fylgjendur hans í „alþjóða iðnaðarmanna félagsskap,“ sem var með því að láta þing og stjórn vera verkfæri til að koma byltingu í framkvæmd, varð, fyrir stöðugt tap og stríð, spakur, og gjörði sig ánægðann með að leika þann pólitíska *bíðleik*, heldur en að hrinda af stað byltingu, sem líklega hefði endað í verri kúgun. Bakunin aftur ásakaði Marx fyrir það, að hafa verið sefardur af auðvaldinu, og neitaði að láta þannig leika með atkvæði manna um óendanlegan tíma, að láta hafa sig fyrir vèlar til að koma kúgurum sínum til valda. Þeir vildu bráða athöfn í þá átt, að afnema einkarétt til framleiðslu og mæltu á móti einum og öllum pólitískum flokkum.

Þannig var myndað hið svo nefnda „Alþjóðar svarta,“ til aðgreiningar frá hinu

„Alþjóðar rauða“ eða Marxiska félag, sem hvorugt hefur nú mjög mikla þýðingu. Þessi bæði félög höfðu sama markmið, þó þau fjarlægðust hvort annað í framsókninni, nefnilega að gjöra að virkileika þjóðmegunarfræði jafnaðarkennningarinnar. Það var þegar jafnaðarmenn kenndu stjórnarbyltingu, að sjálfstjórnendur birtust í Evrópu. Það var þegar verzlunargræðgin stóð sem hæst að sjálfstjórn birtist í Ameríku, fyrir penna Benj. R. Tuckers, ungs blaðamanns í Boston. Hann gefur út blaðið „Liberty“ og þýddi verk Proudhons, og margt fleira. Í Evrópu náði hreyfingin sér niðri meðal almennings, en í Ameríku var hún að eins eitthvað rædd í háskólum og á verzlunarskrifstofum.

Svona stóð það á 19. öldinni, þegar auðvaldið þroskaðist mest í Ameríku, með þess stórkostlegu afleiðingum: verzlunarsamband, aðfluttur vinnulýður, gróðrigræðgi, of margt vinnufólk og atvinnuskortur. Sívaxandi eyðilegging fór nú að kreppla að hinum frjálsa verkalyð. Socialism fór að útbreiddast. Vofur þeirra Marx og Lassalles fóru að stíka fram, og jafnframt þeim þeirra óþreytandi mótpartur, Bakunin.

Hópur af verkamönnum af ýmsu þjóðerni fór að gefa út blað í Chicago, er nefndist „Alarm“ [Vekjarinn], vikublað. Helt

það fram jafnaðarkenningu, og prædikaði opinberlega byltingakenningu, — ekki til sóknar heldur til varnar. — Réttindi verkamanna, að verja sig fyrir ofbeldi auðvaldsins. — Líka veru þá gefin út tvö þýzk blöð: Arbeiterzeitung af August Spies og Freiheit af John Most.

1885 myndaðist úr litlu verkamannafélagi stórt félag af 700,000 meðlimum, er fundu hvar skórinn kreppti. Mynduðust verkföll víða um land, og í einu þvilíku uppboti þaut þrumufleygur gegnum hið sósíalíska andrúmsloft. Það var 4. maí 1886. Sprengikúlu hafði verið kastað í Chicago. Nokkrir anarkistar, er grunur féll á, voru settir í fangelsi. Eftir fylgdi löng og leiðinleg málsrannsókn, er stóð hálf tanna ári, og endaði með því að dæma 5 til dauða, en tvo til æfilangs fangelsis. Þessi málsrannsókn þeirra var af mörgum álitin tortryggileg, og ríkisstjóri Altgeld, 7 árum seinna, sýknaði hina dæmdu og færði fram vörn fyrir athöfn sinni, í hverri hann sýndi fram á að ríkið hefði myrt þessa menn, þar eð þeir hefðu verið dæmdir sekir án sannana, en rétturinn við haft svívirðilega hlutdrægni. Því auðvaldshundum var leyft að bera þar fálaskan vitnisburð. Einn þessara manna dó í fangelsiuu en fjórir voru hengdir.

Eftir þenna sorglega viðburð fór þjóðin að sjá, að anarký væri eitthvað annað en auðvaldsblöðin höfðu haldið fram eftir uppbotið 4. maí, því vitnisburðir komu úr öllum áttum um, að miklir menn og góðir, vísindamenn og rithöfundar engu síður en verkalýðurinn, aðhylltust þessa kenningu. Elisée Reclus, hinn mikli landfræðingur, nefndi þessa dæmdu Chicagomenn bræður sína. Peter Kropotkin, rússneskur prins, lagði af sér sína aðalstign, tók sér sæti meðal alþýðunnar og kallaði sig sameigna anarkista. Eftir að sleppa úr klóm lögreglunnar á Rússlandi, hjálpaði hann til að mynda nokkur blöð á Frakklandi, Sviss, Ítalíu og Engíandi. Nokkur hinna stærri blaða á Engíandi og í Bandaríkjunum, hafa tekið upp greinar hans um anarkista sameign á líffræðislegum og sögulegum grundvelli.

Bæði Kropotkins verk og annara benda á, að mjög hefur kenningin tekið breytingu frá hinni upprunalegu jafnaðarkenningu. Og þar sem Social-Demokratar hafa heldur gengið inn í sjálfa sig fyrir sitt pólitíska platform, þá hefur anarký [stjórnleysi] breikkað svæðið, svo það er meðtækilegt fyrir fullt sjónarsvið hins framsækjandi mannsanda, bæði í andlegu, menntalegu og aðferðislegu tilliti.

Anarký er Socialism eins og sjá má hér að framan, en sú tegund hans sem berst fyrir fullu einstaklings frelsi, sem meinar, eins og Herbert Spencar segir: „Gjörðu það sem þér sýnist, á meðan það kemur ekki í bága við réttindi annara“ Því þegar það kemur í bága við annara réttindi, þá er það ekki lengur frelsi og kemur í bága við anarký.

Anarký er ekki lögleysi eins og margir halda, heldur þvert á móti lög, er byggð sé á réttlæti og mannúð — frelsi.

Rithöfundar er hafa hneigst að sjálfstjórnarfræðinni eru meðal annara: George Brandes, Henrik Ibsen, Herbert Spenser, Leo Tolstoy, Moses Harman, Peter Kropotkin, Tomas Paine og Tomas Jefferson.

